

Dómsorð:

Stefndu, Kaupfell s/f, Ingibjörg Magnúsdóttir, Ragnar Kristinsson, dánarbu Gísla Marinóssonar og Eysteinn Þorvaldsson, greiði in solidum stefnanda, Nönnu Ágústsdóttur, kr. 639.864 með 16% ársvöxtum frá 1. janúar 1978 til 21. febrúar sama ár og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 162.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. mars 1982.

Nr. 213/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Þór Jónssyni

og

Marteini Webb

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærðu með stefnu 10. mars 1981, og hefur ákærvald einnig áfrýjað málinu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 30. desember 1981.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó svo, að refsing ákærðu verði þyngd.

Verjandi krefst þess, að ákærðu verði dæmd vægasta refsing, er lög leyfa, og skilorðsbundin.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi, og hefur héraðsdómari réttilega sakfelld ákærðu fyrir það atferli, er þeim er gefið að sök í ákæruskjali.

Ákærði Marteinn Webb sætti 1 mánaðar fangelsi fyrir

brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með dómi sakadóms Keflavíkur 25. mars 1981. Var brot þetta framið 29. apríl 1979. Refsingu hans ber að ákveða með vísun til 78. gr. almennra hegningarlaga. Ákærðu sammæltust um að fremja brot það, sem þeir eru nú sakfelldir fyrir, og ber að dæma þeim refsingu með vísun til 2. málsg. 70. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, 3.000.00 krónur.

Það athugast, að eigi liggja fyrir í málinu gögn um verðmæti þess, er ákærðu slógu eign sinni á.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Kristján Þór Jónsson og Marteinn Webb, sæti hvor um sig 4 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Vilhálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 23. júlí 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 23. júlí, var á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð var af Inga H. Sigurðssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 12/1980: Ákærvaldið gegn Kristjáni Þór Jónssyni og Marteyni Webb.

I.

Mál þetta, sem þingfest var þann 8. maí sl. og dómtekið 17. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með

ákæruskjali, dags. 21. janúar 1980, á hendur „Kristjáni Þór Jónssyni sjómanni, Meiðarstöðum II í Garði, Gullbringusýslu, fæddum 4. september 1944 í Keflavík, og Marteini Webb verkamanni, Klapparstíg 8 í Keflavík, fæddum 13. janúar 1947 í Bandaríkjum Ameríku, fyrir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 31. júlí 1979 farið í frystihúsið Keflavík h.f. við Vesturgötu í Keflavík og slegið eign sinni á eina stórlúðu og 16 kassa af humri. Telst þetta atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Pann 31. júlí 1979 komu lögregluþjónar, sem voru á eftirlitsferð í Keflavík, að frystihúsi Keflavíkur h/f á mótum Túngötu og Vesturgötu. Við fiskmóttökudyr frystihússins stóð græn bifreið af Fiat gerð, er bar skrásetningarnúmerið Ö 3396. Er lögregluþjónar komu að, þekktu þeir ákærða Martein Webb, þar sem hann var að koma fyrir kössum í framsæti bifreiðarinnar, en í aftursætið hafði verið þétt raðað sams konar kössum. Í fiskmóttökudyrunum stóð maður, sem lögregluþjórnarnir þekktu fyrir ákærða Kristján Þór Jónsson. Við stjórnvöl bifreiðarinnar sat Sjöfn Skúladóttir. Er lögregluþjórnarnir spurðust fyrir um farm bifreiðarinnar, sem reyndist vera 16 kassar af humri, 25 lbs. hver, og 1 stórlúða, á að giska 100 pund, kváðust þeir Marteinn og Kristján hafa leyfi til þess að taka varninginn, en gátu að öðru leyti ekki gert nánari grein fyrir heimild sinni. Af þessum sökum voru þau Marteinn, Kristján og Sjöfn færð á lögreglustöðina í Keflavík, þar sem Marteinn viðurkenndi, að þeir Kristján hefðu ætlað að stela varningnum.

Lögregluþjórnarnir Valur Ármann Gunnarsson og Hjálmar Árnason hafa komið fyrir dóm, og er framburður þeirra efnislega samhljóða því, sem að framan hefur verið rakið.

Sama dag og atvik þetta átti sér stað gáfu ákærðu skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík, og var framburður þeirra samhljóða. Ákærðu kváðust hafa farið inn um hlera á vesturhlið frystihússins í því skyni að leita að varningi, sem þeir ætluðu að stela og síðan að selja. Kváðust þeir síðan hafa fundið framangreindan varning, sem þeir settu á handvagn og óku út að dyrum. Að svo búnu kváðust þeir hafa farið heim til Marteins og óskað eftir því við unnustu hans, að hún kæmi með

þeim að frystihúsinu á bifreiðinni Ö 3396 í því skyni að koma varningnum í burtu. Kváðust þeir síðan hafa verið að koma framangreindum varningi fyrir í bifreiðinni, er lögreglan kom að og handtók þá.

Ákærðu hafa fyrir dómi viðurkennt að hafa þann 31. júlí 1979 farið inn í frystihús Keflavíkur h/f og stolið þaðan 16 kössum af humri og einnig stórlúðu, sem þeir síðan hafi ætlað að koma í verð. Að öðru leyti er framburður þeirra fyrir dómi efnislega samhljóða því, er fram kom í skýrslu þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Af ákærvaldsins hálfu eru engar kröfur gerðar á hendur Sjöfn Skúladóttur, en ákærðu hafa báðir borið fyrir dómi, að þeir hafi talið henni trú um, að þeir hefðu heimild til töku þess varnings, sem hún átti að aðstoða þá við að flytja.

III.

Samkvæmt sakavottorðum, dags. 9. janúar 1980, hafa ákærðu sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

Ákærði Marteinn Webb:

- „1968 5/2 í Keflavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага. Svíptur ökuleyfi í 6 mán. frá 7/10 1967.
- 1968 27/8 á Akureyri: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.
- 1968 28/8 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.
- 1971 18/9 í Keflavík: Dómur: 8 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1978 29/11 í Keflavík: Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 7/2 í Keflavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.“

Ákærði Kristján Þór Jónsson:

- „1966 9/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.
- 1971 10/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 195. gr. hegningarlaga.
- 1971 18/9 í Keflavík: Dómur: Fangelsi í 4 mán., skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

- 1972 5/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1975 15/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1975 25/2 í Árnessýslu: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. hegningarlaga.
- 1978 17/7 í Keflavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17/7 1978.“

IV.

Með viðurkenningu ákærðu og framburði vitna telst sannað, að þeir hafa gerst sekir um þá háttsemi, sem þeir eru bornir í ákæru og þar er til rétttra refsíákvæða færð.

Refsing beggja ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu skulu enn fremur dæmdir til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar óskipt samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði Kristján Þór Jónsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði Marteinn Webb sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar óskipt.